

október til 1. maí, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna, en annan tíma ársins sé miðað við fermingaraldur.

Eigendum og umsjónarmönnum slíkra staða ber að sjá um, að unglingar fái ekki óheimilan aðgang.

3. gr.

Unglingum innan 15 ára aldurs er bannaður aðgangur að opinberum dansleikjum á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, öðrum en innanfélagsdansleikjum æskulýðsfélaga, sem unglíngarnir eru meðlimir í, svo og dansleikjum skólafélaga. En annan tíma ársins sé miðað við fermingaraldur.



4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. júní 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um barnavernd á Flateyri.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar á Flateyri er börnum yngri en 12 ára bannað að vera á almannafæri eftir kl. 20.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. apríl og eftir kl. 22.00 frá 1. apríl til 1. október, nema í fylgd forráðamanna eða fullorðinna, er falin hefur verið umsjón þeirra. Börnum á aldrinum 12 til 14 ára er óheimilt að vera á almannafæri eftir kl. 22.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október, til 1. maí og eftir kl. 23.00 á tímabilinu 1. maí til 1. október, nema í fylgd forráðamanna sinna eða foreldra. Foreldrum eða forráðamönnum barnanna ber að viðlagðri ábyrgð að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

3. gr.

Börnum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að öldrykkju og knattborðsstöðum. Þeim er einnig bannaður aðgangur að almennum dansstöðum, kaffistöðum og kvöldsölum eftir kl. 21.00, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

4. gr.

Ekki má leyfa unglíngum innan 14 ára aldurs aðgang að kvikmyndasýningum öðrum en barnasýningum, nema leyfi barnaverndarnefndar komi til, eða í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum.

5. gr.

Bannað er að gefa unglíngum innan 16 ára tóbak eða stuðla að því, að þeir neyti þess eða hafi það með höndum. Sama gildir um aðrar munaðarvörur, sem að dómi lækna geta talizt hættulegar börnum.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum skv. lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. júní 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

G J A L D S K R Á

fyrir dýralækna.

I. KAFLI

Viðtöl, almennar rannsóknir og aðgerðir.

- A. 1. Hlýtt á eða athuguð sjúkdómslýsing. Ekkert gjald.
2. Viðtal og ráðleggingar í síma. Ekkert gjald.
- B. Skrifaður lyfseðill. Gjald kr. 25.00.
- C. Smærri aðgerðir. Gjald kr. 25.00.
1. Venjuleg skoðun á grip og ráðlegging.
 2. Lyfjum dælt í hold eða júgur.
 3. Einföld skoðun á holti.
 4. Einföld ástunga á útvortis ígerð.
 5. Skoðun á júgri.
 6. Aldursákvörðun á hesti.
 7. Annað tilsvandi.
- D. Minni háttar aðgerðir. Gjald kr. 45.00.
1. Gert að smásári án sauma.
 2. Lyfjum dælt í æð eða kviðarhol.
 3. Skoluð skeið, þarmagangur eða magi.
 4. Tekin flís úr holdi eða aðskotahlutir úr opum líkamans.
 5. Skafin sár og fistlar.
 6. Búið um beinbrot, minni húsdýr.
 7. Sorfnar tennur.
 8. Notkun magaslöngu.
 9. Stungið á kýli.
 10. Einfaldur uppskurður á spena.